

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 311/1991. **Bilex**

(Eiríkur Tómasson hrl.)

gegn

Jóhanni Heinrich Scheiter og

Páli Kristni Stefánssyni

(Þórður Gunnarsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1991. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér in solidum DEM 265.865,62 ásamt dráttarvöxtum frá 1. desember 1985 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Aðilar óskuðu þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en gerðu ekki málskostnaðarkröfur í þessum þætti málsins.

Mál þetta var þingfest fyrir bæjarþingi Garðabæjar 9. janúar 1990. Þingað var nokkrum sinnum í málinu. Málið var dómtekið að loknum munnlegum flutningi 7. nóvember 1990, en endurupptekið 19. febrúar 1991. Málið var munnlega flutt og dómtekið að nýju 28. febrúar sama ár og hinn áfrýjaði dómur síðan kveðinn upp 29. apríl sama ár.

Þessi dráttur á dómsuppsögu er freklegt og vítavert brot á ákvæðum 191. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur flutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs flutnings og dómsálagningar að nýju. Með nýrri dómskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir héraðsdómi Reykjaness.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber héraðsdómara að taka málið til munnlegs flutnings og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
